

Vettvangsheimsókn í Hringsjá Náms og starfsendurhæfingu.

Mætt voru auk undirritaðrar: Sigurbjörg og Gunnar úr Hraunbæ og Jónas og Guðmundur frá Dalbraut.

Við fengum góðar móttökur og kynningu á starfseminni og á húsakynnum sem er í eigu Félagsmálaráðuneytis.

Nemendur eru á bilinu 25-40 í skólanum í einu. Flestir hafa dottið úr námi vegna félagslegra erfiðleika, neyklusögu, eiga við geðræna erfiðleika að stríða s.s. kvíða eða þunglyndi eða hafa orðið fyrir slysi. Sjalgæft er að nemendur með fötlunargreiningu sækja skólann.

Einungis eru teknir inn 20 nemendur í námið sjálft og fyrir næstu önn eru umsóknir á annað hundrað. Byrjað er á að meta stöðu einstaklinganna á námskeiðunum m.t.t mætinga, getu o.s.frv. Mælt er með að byrjað sé á því að sækja um einstök námskeið.

Nemendum gefst tækifæri til að rifja upp grunnnám og ljúka 1. ári í menntaskóla. Framhaldsnám í menntaskóla s.s. skrifstofubraut í Menntaskóla Kópavogs eða heilbrigðisbraut í Fjölbrautarskóla Ármúla er síðan algengt framhald. Námið í MK er á sama tíma og hjá Hringsjá eða frá 9-14.

Sjúkratryggingar eiga flest pláss í skólanum og einnig eru nemendur á endurhæfingarlífeyri í gegnum VIRK starfsendurhæfingarsjóð.